

Efni: Leyfisveitingar vegna skemmtanahalds

Bt: Bæjarráð

Afrit:

Líf Lárusdóttir formaður bæjarráð

Steinar Adolfsson, sviðstjóri fjármála- og þjónustusviðs

Dagný Hauksdóttir, sviðstjóri mennta- og menningarsviðs

Hildigunnur Árnadóttir, sviðstjóri velferðar- og mannréttindasviðs

Tillaga:

„Brúin*, starfshópur um forvarnir skorar á bæjarráð Akraneskaupstaðar að breyta verklagi við veitingu áfengisleyfis á þann hátt að þegar aðilar óska eftir leyfi til að vera með vínveitingar á skemmtunum sem eru opnar almenningi, verði leitað umsagnar forvarnarfulltrúa og eða starfshópsins áður en leyfi verði veitt.

Einnig verði ávallt gerð krafa um að með leyfinu sé krafa um:

- að við gæslu séu viðurkenndir dyraverðir,
- að ekki séu áfengisauglýsingar,
- að börnum sé ekki heimilaður aðgangur,
- að bannað sé að bera áfengi út af stöðum
- að ef aldurstakmark er 18 ár að tryggt sé að fólk undir 20 ára megi ekki fá afgreiðslu á áfengi né drekka á staðnum.

Einnig skorar Brúin á bæjarráð að krefjast þess að aldurstakmark inn á Lopapeysuball 2023 og framvegis verði 20 ár þar sem það hefur sýnt sig að ómögulegt er fyrir þá sem selja áfengi að fylgja því eftir að þeir sem eru undir 20 ára geti ekki verslað áfengi “

Greinagerð með tillögu.

Undanfarin ár hefur Brúin og verkefnastjóri frístunda- og forvarna lýst yfir áhyggjum varðandi ýmsa viðburði þar sem áfengislögum er ekki fylgt eftir. Mest hefur þetta verið í kringum írska daga og sérstaklega á s.k Lopapeysuballi.

Eftir Lopapeysuballið 2019 sendi Brúin frá sér bréf þar sem ítarlega var farið yfir þá þætti sem þarf að laga. ([sjá fylgiskjal I](#)) **einnig neðar á þessu skjali.**)

Á fundi Brúarinnar 13.11.2022 er skráð í fundargerð „ Írskir dagar. Enn einu sinni er allt of mikið af unglíngum sem fara inn á Lopapeysuballið á írskum dögum. Börn geta keypt miða á netinu nýting á ákvæðinu að börn megi fara inn í fylgd með forráðamanni er misnotað. Brúin mun senda áskorun til bæjaryfirvalda um að veita ekki skemmtanaleyfi nema tekið verði fast á þessum málum.“

Bæjaryfirvöld hafa verið með skýrar reglur varðandi tjaldsvæði og gengið hart fram með að enginn undir 23 ára fái að tjalda helgina sem írskir dagar eru haldnir. Reglur um aldurstakmark eiga sér þó engar stoðir í lögum en þó hefur Akraneskaupstaður sett sér þessar reglur.

Því teljum við það skjóta skökku við að Akraneskaupstaður gangi ekki jafn hart fram með að fylgja eftir áfengislögum eins og 18.gr þar sem segir „Óheimilt er að selja, veita eða afhenda áfengi þeim sem er yngri en 20 ára“ (<https://www.althingi.is/lagas/nuna/1998075.html>)

Brúin hefur einnig við mörg tilfelli gert athugasemdir við þá ákvörðun að hleypa börnum undir 18 ára aldri inn í fylgd með foreldrum eða forráðamönnum. Í lögum til verndar börnum og ungmennum segir m.a:

Börnum eða ungmennum, innan 18 ára aldurs, er óheimill aðgangur og dvöl á stöðum sem hafa leyfi til áfengisveitinga, sbr. og [20. gr. áfengislaga, nr. 82/1969](#), nema í fylgd með foreldri, öðrum forsjáraðila eða maka. Þeim sem leyfi hefur til áfengisveitinga er skylt að sjá til þess að ákvæði þetta sé haldið að viðlagðri leyfissviptingu.

Ungmenni, innan 18 ára aldurs, mega ekki starfa á stöðum sem hafa leyfi til áfengisveitinga nema það sé liður í viðurkenndu iðnnámi.

Barnvænt sveitafélag

Með því að vera þátttakandi í verkefninu „ Barnvæn sveitarfélög „ hefur Akraneskaupstaður skuldbundið sig til að innleiða Barnasáttmálann með markvissum hætti inn í alla stjórnsýslu og starfsemi sveitarfélagsins. Sveitarfélögin sem kjósa að taka þátt í verkefninu gera þannig sáttmálann að rauðum þræði í allri sinni starfsemi og stefnumótun. En það er ekki nóg að stefnur, reglur og ákvarðanir taki mið af Barnasáttmálanum. Tryggja þarf að umhverfi, viðhorf, stjórnsýsla og þjónusta sé barnvæn og taki mið af þörfum og hagsmunum barna. Börn eiga ekki að vera í þannig umhverfi.

Barnvæn nálgun

Mikilvægt er að allir þeir ólíku aðilar og stofnanir sem koma barninu við, vinni saman og móti heildstæða sýn á barnið. Það er einnig mikilvægt að allt fullorðið fólk í lífi barnsins vinni saman. Þegar við tölum um barnvæna nálgun erum við að tala um allt frá aðstæðum sem hvert og eitt okkar býður barni í persónulegum samskiptum og upp í það **hvernig sveitarfélagið nálgast málefni barna í heild**. Sem dæmi má nefna allt frá því hvernig aðstæður við sköpum þegar við fundum með börnum og yfir í hvernig ólík svið og stofnanir innan sveitarfélagsins vinna saman að öruggu umhverfi barna. Við getum öll verið sammála um að Lopapeysuball á írskum dögum er langt frá því að vera öruggt umhverfi fyrir börn.

Írskir dagar

Írskir dagar er bæjarhátíð okkar Akurnesinga. Hún á fyrst og fremst að snúa að bæjarbúum en að sjálfsögðu viljum við líka taka vel á móti gestum okkar. Hins vegar er það hættu að bæjarhátíðir missi marks sem slíkar ef við ekki gætum að okkur. Þannig hefur t.d farið illa fyrir nokkrum bæjarhátíðum þar sem fólk missti sjónar á megintilgangi bæjarhátíðar og þær urðu að safnsvæði fyrir ungt fólk alls staðar af landinu, oft með skelfilegum afleiðingum.

Við viljum að írskir daga verði áfram fjölskylduhátíð og að við getum stolt haldið brekkusöng, götugrill og Lopapeysuball án þess að missa sjónar á megintilgangi og látum ekki heilsu og líf barnanna okkar víkja fyrir skammtíma gróðrasjónarmiðum.

f.h Brúarinnar

Heiðrún Janusardóttir

Verkefnisstjóri frístunda og forvarnarmála

heidrun@akranes.is

*Brúin 2022-2023

Heiðrún Janusardóttir vakerfnissjóri æskulýðs- og forvarnarmála

Ívar Orri Kristjánsson deildarstjóri Þorpið

Berta Ellertsdóttir námsráðgjafi Grundaskóla

Brynhildur Benediktsdóttir námsráðgjafi Brekkubæjarskóli

Íris Björg Jónsdóttir skólahjúkrunarfræðingur og forvarnarfulltrúi FVA

Ólöf Lilja Lárusdóttir Skólaheilsugæsla Brekkubæjarskóla

Maren Ösp Hauksdóttir Skólaheilsugæsla Grundaskóla

Jónas Ottósson Lögregla

Sólveig Sigurðardóttir Barnavernd

Fylgiskjal I

Akranesi 13.09.2019

Efni: Forvarnir og Lopapeysan 2019

Bt:

Bæjarstjóri Sævar Freyr Práinsson,

Sviðstjóra Skóla og frístundasviðs Valgerður Janusdóttir,

Starfandi sviðstjóra Velferðarsviðs Sveinborg Kristjánsdóttir

Á fyrsta fundi Brúarinnar haustið 2019 kom m.a til umræðu Lopapeysuballið sem haldið var á Írskum dögum. Eins og hefur komið fram í fjölmiðlum var þetta fjölmennasta Lopapeysuballið hingað til. Mikill trúningur var við hliðið þegar margir komu á sama tíma. Um tíma skapaðist mikið hættuástand og í kjölfarið var öllum hleypt inn sem á annað borð voru fyrir utan.

Brúin hefur við mörg tilfelli gert athugasemdir við ákveðna hluti við framkvæmd Lopapeysunnar. Má þar helst nefna þá ákvörðun að hleypa börnum undir 18 ára aldri inn í fylgd með foreldrum eða forráðamönnum. Í lögum til verndar börnum og ungmennum segir m.a:

Börnum eða ungmennum, innan 18 ára aldurs, er óheimill aðgangur og dvöl á stöðum sem hafa leyfi til áfengisveitinga, sbr. og 20. gr. áfengislaga, nr. 82/1969, nema í fylgd með foreldri, öðrum forsjáraðila eða maka. Þeim sem leyfi hefur til áfengisveitinga er skylt að sjá til þess að ákvæði þetta sé haldið að viðlagðri leyfissviptingu.

Ungmenni, innan 18 ára aldurs, mega ekki starfa á stöðum sem hafa leyfi til áfengisveitinga nema það sé liður í viðurkenndu iðnnámi.

Þegar börnum eða ungmennum er bannaður aðgangur að skemmtunum, öðrum en á stöðum sem leyfi hafa til áfengisveitinga, skal miða aldursmörk við fæðingarár en ekki fæðingardag.

Vekefnisstjóri æskulýðs- og forvarnarmála hefur átt í bréfaskiptum við Kjartan Ólafsson sérfræðing hjá dómsmálaráðuneytinu vegna túlkunar á eftirfarandi málsgrein í Lögum um veitingastaði, gististaði og skemmtanahald II. Kafli 5.gr. Spurning sem upphaflega var send hljóðaði svo:

Hver getur talist ættingi og hver getur talist maki sbr þessa grein?

„Á veitingastað sem leyfi hefur til áfengisveitinga er ungmennum yngri en 18 ára óheimil dvöl eftir kl. 22 á kvöldin og fram til lokunar staðarins nema í fylgd með foreldrum sínum, öðrum forráðamönnum, ættingjum eða maka, 18 ára eða eldri. Dyraverðir, eftirlitsmenn, framreiðslumenn og/eða aðrir sem ábyrgð bera á rekstri staðarins skulu láta ungmenni er koma á slíka staði eða dveljast þar eftir kl. 22 að kvöldi, án framangreindrar fylgdar, sanna aldur sinn með því að sýna skilríki með mynd eða á annan fullnægjandi hátt enda sé ástæða til að ætla að hlutaðeigandi hafi ekki náð 18 ára aldri.“

Svar Kjartans við þessari fyrirspurn var:

1. Með hugtakinu ættingja er átt við t.d. afa og ömmu ungmennis, en einnig myndi það ná til frændfólks. Tilgangur ákvæðisins er að viðkomandi aðilum eins og ættingjum sé ekki skylt að flytja ungmenni heim til sín kl. 22:00 t.d. ef þau eru á veitingastað. Hér gæti því jafnvel verið um fjarskylt frændfólk að ræða ef tengsl þess við ungmennið eru þess eðlis að þau dvelji saman á veitingastað. Hugtakið ættingi er ekki skilgreint með tæmandi hætti í lögunum eða geinargerð með lögunum og því verður að meta þessi tengsl eftir aðstæðum hverju sinni og í samræmi við tilgang ákvæðisins.

2. Með „maka“ er átt við maka ungmennis, sem þarf þá að vera orðinn 18 ára að aldri. Eðli máls samkvæmt er afar sjaldgæft að svo sé en þar sem að hjúskaparlög heimila ungmennum undir 18 ára aldri að ganga í hjúskap að veittu leyfi ráðherra, verður jafnframt að gera ráð fyrir slíku í ákvæði 5. gr. laga um veitingastaði.

Til þess að fá svör við því sem raunverulega bjó að baki sendi verkefnisstjóri ítarlegri spurningu með dæmi:

Dæmi:

Lopapeysan, ball á Írskum dögum á Akranesi. Unglingur stendur við hliðið, pikkar upp einhvern ættingja (á Akranesi eru allir skyldir) og spyr „má ég fara með þér inn“. Ættinginn (fjarskyldur) oftast en ekki undir áhrifum áfengis segir já og segir við dyravörð „hann/hún er með mér“ og fer inn. Ungmennið þakkar fyrir og hverfur inn enda er þessi „ættingi“ ekki að fara vera með viðkomandi inni og enginn sem fylgist heldur með því.

- Eiga dyraverðir að „meta þessi tengsl eftir aðstæðum hverju sinni og í samræmi við tilgang ákvæðisins“?
- Hver er ábyrgð „ættingjans“ eftir að inn á stað er komið?
- Ef ég er móðir ungmennisins í dæminu hér fyrir ofan. Getur einhver fjarskyldur ættingi barnsins mína án minnar aðkomu tekið að sér ábyrgð á mínu barni? Er samkvæmt þessu forræðið og þar með ábyrgð á einstakling framseljanleg án þess að dómur um slíkt hafi verið kveðinn upp.

Svar Kjartans við þessari spurningu var mjög skýrt:

„Dæmið þitt tel ég að falli skýrlega utan 5. gr., þ.e. í því tilviki eru annars vegar ekki til staðar þau ættartengsl sem ákvæðið gerir ráð fyrir auk þess sem viðkomandi er augljóslega ekki í fylgd viðkomandi heldur fylgir honum aðeins inn á staðinn. Það að ungmenni sé í fylgd viðkomandi tel ég að feli í sér að ungmennið sé á ábyrgð viðkomandi inni á staðnum.“

Þar sem að hugtakið ættingi er ekki skilgreint með tæmandi hætti í lögunum verður það óhjákvæmilega að vera að einhverju leyti matskennt en hins vegar tel ég alveg ljóst að dæmi eins og þetta sem þú nefnir er alls ekki í samræmi við tilgang ákvæðisins heldur frekar dæmi um það að verið sé að reyna að misnota það í þessum skilningi.

Í framkvæmd getur hins vegar verið erfitt fyrir veitinga- og skemmtistaði að beita ákvæðinu í ljósi þessa en telja verður að almennt beri að túlka hugtakið ættingi þröngt að þessu leyti og að staðirnir verði eftir fremsta megni að sjá til þess að ungmenni séu sannarlega í fylgd viðkomandi ættingja inni á staðnum en ekki bara þegar farið er inn.

Loks tel ég einnig skýrt að ættingjar geti almennt ekki fylgt ungmennum í skilningi ákvæðisins nema með samþykki foreldra eða forráðamanna þannig að það er alveg ljóst að fjarskyldur ættingi getur ekki beitt fyrir sig þessu ákvæði án vitundar foreldris eða forráðamanns.

Verkefnastjóri æskulýðs- og forvarnarmála átti mjög langt samtal við Ísólf Haraldsson fyrir Lopapeysuballið þar sem m.a var farið yfir þessa þætti. Hann sagði að þetta ætti alveg að vera öruggt, hann væri með menn í gæslu sem tækju þetta mjög alvarlega og þessu væri alveg fylgt eftir þ.e að börn færu ekki inn nema í fylgd með foreldrum. Við sem erum eldri en tvævetra vitum að þetta heldur ekki vatni. Við sem höfum starfað með börnum og ungmennum höfuð pirrað okkur á þessu lengi, gert athugasemdir og óskað eftir því að að leyfisveitnig vegna Lopapeysunnar verði háð þeim skilyrðum að þetta verði í lagi.

Við gerum okkur alveg ljóst að nánast ómögulegt er að fylgja því eftir, að ungmenni sem fara inn á svona staði í fylgd með foreldrum/forráðamönnum séu í raun þeirra fylgd allan tímann. Þá spyrjum við á móti hvers vegna við leyfum eitthvað sem er algjörlega óframkvæmanlegt að fylgja eftir.

Eins og hefur komið fram hér að framan eru sett alls kyns lög til verndar börnum og ungmennum. Forvarnarstarf er alls konar. Það er ekki bara fyrirlestar og fræðslufundir. Öflugasta forvarnarstarfið felst í því að búa börnunum okkar sem bestu skilyrði til vænlegs lífs. Ef við ætlum að ná árangri þá verða allir að leggja sig fram. Öryggi barna okkar má ekki vega léttar en viðskiptahugmynd bissetsmanna!

Í Brúnni sitja m.a. heilbrigðisstarfsmenn og lögregla. Í þeirra störfum sjá þau oft aðrar og dekkri hliðar á viðburðum eins og t.d Lopapeysunni og eru sammála um að þarna inni eru aðstæður sem ekki eru ætlaðar börnum.

Við gerum okkur fulla grein fyrir því að ábyrgðin á börnunum liggur fyrst og fremst hjá foreldrum. En við vitum það líka að stundum þurfum við fleiri girðingar og hlið til varnar. Ef girðingarnar heima halda ekki eiga aðrar að taka við. Þannig virkar samfélag.

Brúin, samstarfshópur um forvarnir skorar á bæjaryfirvöld að bregðast við og setja skýrari lög og ramma í kringum þennan stóra viðburð svo sómi sé að.

f.h Brúarinnar

Heiðrún Janusardóttir

Verkefnisstjóri æskulýðs og forvarnarmála

heidrun.janusardottir@akranes.is

Brúin 2019-2020

Heiðrún Janusardóttir vekerfnisstjóri æskulýðs- og forvarnarmála

Ívar Orri Kristjánsson deildarstjóri Þorpið

Berta Ellertsdóttir námsráðgjafi Grundaskóla

Vilborg Þórunn Guðbjarstsdóttir deildarstjóri Brekkubæjarskóli

Íris Björg Jónsdóttir skólahjúkrunarfræðingur og forvarnarfulltrúi FVA

Ólöf Lilja Lárusdóttir Skólaheilsugæsla Brekkubæjarskóla

Lilja Jónsdóttir Skólaheilsugæsla Grundaskóla

Jónas Ottósson Lögregla

Ingibjörg Gunnarsdóttir Barnavernd